



Vorið 1906 keypti Sighvatur Kristján Bjarnason lóðina sem íbúðarhús Félagsbakarísins stóð á áður og reisti tvílyft íbúðarhús á grunni þess, en Einar J. Pálsson hannaði húsið.



Ágústa Sigfúsdóttir og Sighvatur Kristján Bjarnason ásamt börnum sínum. Efri röð f.v.: Sigríður, Þorbjörg, Emillía og Bjarni. Fremri röð f.v.: Sighvatur, Jakobína, Sigfús, Ágústa og Ásta.

Amtmannsstígur 2

Árið 1901 byggði C. Frederiksen bakari íbúðarhús og brauðgerðarhús á lóðinni, en þau hús brunnu haustið 1905. Í maí 1906 keypti Sighvatur Bjarnason, þá skrifari, lóð Félagsbakarísins og húsgrunn íbúðarhússins og flutti inn það ár tilhöggvið hús frá Noregi, en það var einlyft timburhús með

risi, kvistum á steypnum kjallara með útskoti og inn-gönguskúr, en hönnuður hússins var Einar J. Pálsson. Árið 1910 var Sighvatur eigandi hússins og bjó þar með fjölskyldu sinni. (Árið 1910 voru í húsinu 13 herbergi og 1 íbúð).



Íbúðarhús og brauðgerðarhús Félagsbakarísins, sem C. Frederiksen bakari reisti á Amtmannsstíg 2 árið 1901, brunnu bæði til kaldrakola haustið 1905, en á myndinni sjást rústirnar eftir brunann og Menntaskólinn í baksvín.

Sighvatur Kristján Bjarnason og Ágústa Sigfúsdóttir

Sighvatur Kristján Bjarnason, f. 25. jan. 1859 í Reykjavík, d. 30. ágúst 1929 í Reykjavík, bankastjóri í Reykjavík.

For.: **Bjarni Kristjánsson**, útgerðarmaður í Hlíðarhúsum í Reykjavík, f. 1828 í Þerney í Kollafirði, Kjalarneshr., Kjós., d. 16. júní 1876 í Hlíðarhúsum, og k.h. **Þorbjörg Sigfúsdóttir**, húsfreyja í Hlíðarhúsum, f. 27. okt. 1828 á Melum, Kjalarneshr., d. 28. jan. 1928 í Reykjavík. > *Amtmannsstígur 2*.

Sighvatur ólst upp í Hlíðarhúsum í Reykjavík. Hann naut ekki skólamenntunar, en haustið 1873 hóf hann störf hjá Jóni Jónssyni landshöfðingjaritara og var síðan skrifari hjá Hilmarí Finsen landshöfðingja 1874-1885. Hann var sendur til Kaupmannahafnar árin 1885 og 1886 til að undirbúa sig fyrir starf við Landsbanka Íslands og var síðan bókarí bankans 1886-1904 og var einn af þremur fyrstu starfsmönnum hans. Þegar Íslandsbanki var stofnaður árið 1904 var Sighvatur valinn til forystu vegna raungóðrar reynslu og mannkosta sem fyrsti bankastjóri hins nýja banka og starfaði hann þar til ársins 1921. Var einnig lengi umboðsmaður Nye Danske Brandforsikring.

Sighvatur naut mikillar virðingar og trausts og var því hlaðinn ábyrgðarstörfum, var bæjarfulltrúi



Fv.: Emilía, Bjarni, Ágústa Sigfúsdóttir, Sigríður og Þorbjörg.

í Reykjavík 1900-1916, forseti bæjarstjórnar 1916-1920 og var forystumaður á mörgum sviðum í félags- og mannúðarmálum. Hann sat m.a. í niðurjöfnunarnefnd 1887-1893 og var lengi formaður Styrktar- og sjúkrasjóðs verslunarmanna í Reykjavík. Var jústizráð að nafnbót 1904.

Sighvatur sat lengi í stjórn Verslunarskólans og var einn af stofnendum Oddfellowreglunnar árið 1897.

Hann byggði timburhúsið Vesturgötu 28 og bjó þar með fjölskyldu sinni til ársins 1906, er hann fluttist með fjölskyldu sína í nýbyggt hús sitt á Amtmannsstíg 2.

„Sighvatur reyndist eins og vænta mátti vel í starfi og átti hann mikinn þátt í velgengni Landsbankans fyrstu árin, þótt ýmsir örðugleikar yrðu á veginum.



Sighvatur Kristján Bjarnason var fyrsti bankastjóri Íslandsbanka, sem stofnaður var árið 1904. Á myndinni er hann með starfsmönnum bankans. Fv.: Þórður J. Thoroddsen læknir og aðalféhirðir, Hannes Thorsteinson, Bjarni Sighvatsson, Sveinn Hallgrímsson, Jens B. Waage, Viggó Björnsson og Sighvatur.

Hann var ákaflega vandvirkur og vel að sér, enda hafði hann notað tímann vel við nám sitt í Kaupmannahöfn. Bera bókhaldsbækur Landsbankans, sem enn eru til og varðveittar í skjalasafni hans, með sér hversu fágaður og vandvirkur starfsmaður Sighvatur hefur verið. Fyrsta aðalbók bankans, sem Sighvatur færði má heita hinn hreinasti kjörgripur. Hún er ákaflega stór og mikil um sig, eins og þá var títt, hvorki meira né minna en um 17 kílógrömm að þyngd, en ákaflega falleg og vel færð frá upphafi til enda. Hafði Sighvatur skýra rithönd.” (Haraldur Hannesson).

Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra, lýsti Sighvati svo í Óðni í okt. 1907: „Sighvatur Bjarnason er meðalmaður á hæð og svarar sjer vel, skarpleitur í andliti, ljós að yfirlitum, og snyrtimaður í allri framgöngu. Hann hefur verið hinn mesti starfsmaður alla sína æfi, afkastamaður mikill og ósjerhlífinn. Sá sem þetta ritar hefur um nokkur ár unnið með honum og getur af eiginni reynd borið um frábæra ósjerplægni hans og ósjerhlífni við verk. Hann hefur fjölhæfar gáfur, er talaður vel á mannfundum; á prenti hefur ekki sjest mikið eftir hann fyrir utan Landshagsskýrslurnar, en hann var um mörg ár einn aðalhöfundur þeirra; það sem hann ritar er ljóst og skipulegt.”

Í Landnámi Ingólfs I, bls. 127-131 birtist fyrirllestur sem Sighvatur flutti í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur í mars 1922 og nefndist Verslunarlífíð í Reykjavík um 1870.

- K. 29. okt. 1886, Ástgerður Ágústa Sigfúsdóttir, f. 9. jan. 1864 á Tjörn á Vatnsnesi, Þverárhr.,



Fv.: Emilía, Sigríður, Bjarni, Ásta og Þorbjörg.

V.-Hún., d. 30. maí 1932 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík.

For.: Sigfús Jónsson, prestur á Undirfelli, Áshr., A.-Hún., f. 12. okt. 1814 á Helgastöðum, Reykdælahr., S.-Þing., d. 9. mars 1876 á Undirfelli, og k.h. Sigríður Oddný Björnsdóttir, húsfreyja á Undir-



Fjölskyldan á Amtmannsstíg 2 um 1915. Standandi f.v.: Emilía, Sigríður, Sigfús Pétur, Bjarni, Ásta og Jakobína. Að framan sitja Sighvatur Kristján Bjarnason og Ágústa Sigfúsdóttir.

félli, f. 15. okt. 1824 í Hvammi, Áshr., d. 23. jan. 1889 í Hafnarfirði.

Ágústa ólst upp á Undirfélli í Vatnsdal, en hún fluttist frá Hofi í Vatnsdal til Reykjavíkur árið 1883. „Hún var óvenjulega mikil kona, fríð sýnum og gjörvileg.” (Lárus Jóhannesson).

Valtýr Stefánsson ritstjóri Morgunblaðsins skrifaði svohljóðandi minningarorð um Ágústu í blaði sítt: „Hvenær sem var og hvernig sem á stóð, var húsmóðirin hin sama glaðværa gestrisna rausnar-kona, er allra götu vildi greiða. Hún var kona djörf og stórhuga höfðingi í lund, eins og hún átti kyn til. Lét hún sig skipta ýms mál utan heimilisins, var t.d. í fremstu röð þeirra sem vildu vinna heimilis-iðnaði gagn, með Thorvaldsensbazar og gjaldkeri Landsspítalásjóðsnefndar var hún langa tíð. Fleiri málefni lét hún sig skipta, enda var hún kona einbeitt og framtakssöm, með vakandi áhuga fyrir öllu því er hún hafði afskipti af. Allt sem hún tók sér fyrir hendur, smátt sem stórt, leysti hún af hendi með skörungsskap. Hún var mikilhæf kona, er mikil eftirsjá er að fyrir alla sem henni kynntust.”

Börn þeirra: a) Emilía, f. 12. okt. 1887, b) Þorbjörg, f. 14. nóv. 1888, c) Ásta Sigríður, f. 16. apríl 1890, d) Bjarni, f. 22. júlí 1891, e) Sigríður, f. 16. sept. 1894, f) Ásta, f. 1. maí 1897, g) Jakobína Þuríður, f. 16. júlí 1899, h) Sigfús, f. 6. sept. 1900, i) Sigfús Pétur, f. 10. okt. 1903. (Haraldur Hannesson: Landnám Ingólfs I).

A **Emilía Sighvatsdóttir**, f. 12. okt. 1887 í Reykjavík, d. 18. nóv. 1967 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. - M. 10. maí 1913, **Jón Kristjánsson**, f. 14. júní 1881 á Breiðabólstað í Vesturhópi, Þver-árh., V.-Hún., d. 17. apríl 1937 í Reykjavík, læknir í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Sighvatur**, f. 29. sept. 1913 í Reykjavík, d. 6. sept. 1969 í Reykjavík, skrifstofumaður í Reykjavík. b) **Kristján**, f. 4. apríl 1915 í Reykjavík, d. 14. júní 1994, loftskemtamaður í Reykjavík. c) **Ólafur**, f. 2. ágúst 1916 í Reykjavík, d. 21. jan. 2004, rafeindavirkjameistari í Reykjavík. d) **Þorbjörg**, f. 1. nóv. 1918 í Reykjavík, d. 20. mars 2002, húsfreyja í Reykjavík. e) **stúlka**, f. 28. jan. 1920 í Reykjavík, d. 30. jan. 1920. f) **Haraldur**, f. 24. maí 1921 í Reykjavík, d. 4. des. 1923. g) **Ágúst**, f. 2. ágúst 1926 í Reykjavík, d. 26. des. 1996, skipstjóri á Seltjarnarnesi. >Templarásund 3.

B **Þorbjörg Sighvatsdóttir**, f. 14. nóv. 1888 í Reykjavík, d. 30. apríl 1914 á Víflsstaðahæli, húsfreyja í Reykjavík. - M. 22. júlí 1910, **Magnús Pétursson**, f. 16. maí 1881 á Gunnsteinsstöðum í Langadal, d. 8. júní 1959 í Reykjavík, héraðslæknir í Reykjavík. Barn þeirra: a) **Pétur**, f. 30. apríl 1911 á Hólmavík, d. 4. nóv. 1949 í Reykjavík, læknir, síðast í Reykjavík.

C **Ásta Sigríður Sighvatsdóttir**, f. 16. apríl 1890 í Reykjavík, d. 24. sama mán.



Ágústa Sigfúsdóttir og Sighvatur Kristján Bjarnason með barnabörn sín árið 1923. Efri röð f.v.: Sighvatur Jónsson, Kristján Jónsson, Pétur Magnússon og Ólafur Jónsson. Fremri röð f.v.: Sigfús Bjarnason, Stefan Bertel Trybom, Þorbjörg Jónsdóttir, Hans Stigvard Trybom, Gísli Bjarnason og Lárus Bjarnason.

D **Bjarni Sighvatsson**, f. 22. júlí 1891 í Reykjavík, d. 20. ágúst 1953 í Vestmannaeyjum, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, síðar bankastjóri í Vestmannaeyjum. - K. 3. nóv. 1917, **Kristín Gísladóttir**, f. 26. okt. 1897 í Vestmannaeyjum, d. 17. des. 1957 í Reykjavík, húsfreyja í Vestmannaeyjum. Börn þeirra: a) **Sighvatur**, f. 15. júní 1919 í Vestmannaeyjum, d. 6. des. 1998, aðalféhirðir í Reykjavík. b) **Gísli**, f. 9. apríl 1921 í Reykjavík, d. 1. jan. 1943 í New York, verslunarmaður. c) **Lárus**, f. 12. okt. 1922 í Reykjavík, d. 12. ágúst 1974, verslunarmaður og kennari í Reykjavík. d) **Ásgeir Kristinn**, f. 7. nóv. 1925 í Reykjavík, d. 4. jan. 1934 í Reykjavík. e) **Jóhanna Theodóra**, f. 3. jan. 1931 í Reykjavík, d. 30. nóv. 1990, húsfreyja í Kópavogi.

E **Sigríður Sighvatsdóttir**, f. 16. sept. 1894 í Reykjavík, d. 1. jan. 1944 í Stokkhólmi í Svíþjóð, húsfreyja í Kaupmannahöfn. - M. 1919, (skildu), **Hans Trybom**, verkfræðingur. Börn þeirra: a) **Hans Sigvard**, f. 11. jan. 1921 í Málmei í Svíþjóð, forstjóri í Málmei. b) **Stefan Bertel**, f. 12. ágúst 1922 í Málmei, verslunarmaður.

F **Ásta Sighvatsdóttir**, f. 1. maí 1897 í Reykjavík, d. 25. maí 1998 í Reykjavík, kennari, síðar húsfreyja á

Akranesi, svo í Reykjavík. - M. 6. ágúst 1927, **Karl Benedikt Helgason**, f. 16. sept. 1904 á Kverngrjóti, Saurbæjarhr., Dal., d. 27. júní 1981, póst- og símamalástjóri á Akranesi. Börn þeirra: a) **Sighvatur Ágúst**, f. 16. jan. 1933 á Blönduósi, d. 22. júlí 1997, matreiðslumaður í Reykjavík. b) **Sigrún Ingibjörg**, f. 21. maí 1937 á Blönduósi, félagsráðgjafi í Reykjavík.

G **Jakobína Þuríður Sighvatsdóttir**, f. 16. júlí 1899 í Reykjavík, d. 6. jan. 1924 í Reykjavík, húsfreyja í Vestmannaeyjum. - M. 29. okt. 1921, **Georg Lárus Gíslason**, f. 24. ágúst 1895 í Vestmannaeyjum, d. 27. febr. 1955, kaupmaður í Vestmannaeyjum.

H **Sigfús Sighvatsson**, f. 6. sept. 1900 í Reykjavík, d. 4. apríl sama ár.

I **Sigfús Pétur Sighvatsson**, f. 10. okt. 1903 í Reykjavík, d. 3. júlí 1958 í Reykjavík, forstjóri í Reykjavík. - K. 15. apríl 1930, **Ellen Henriette Sighvatsson**, f. Mortensen, f. 11. febr. 1909 í Danmörku, d. 26. júní 2001, húsfreyja í Reykjavík. Barn þeirra: a) **Ágústa Guðrún**, f. 21. júní 1941 í Reykjavík, húsfreyja í Kópavogi.



Emilía

Þorbjörg

Bjarni



Ásta

Jakobína

Sigfús Pétur

Þorbjörg Sighvatsdóttir og Bjarni Kristjánsson


Þorbjörg Sighvatsdóttir, f. 27. okt. 1828 á Melum, Kjalarneshr., Kjós., d. 28. jan. 1928 í Reykjavík, húsfreyja í Hlíðarhúsum í Reykjavík.

For.: **Sighvatur Jónsson**, bóndi á Melum og Kiðafelli, Kjósarhr., Kjós., svo aftur á Melum, f. 28. júlí 1789 í Austurbæ á Esjubergi, Kjalarneshr., d. 4. ágúst 1843 í Brautarholti, Kjalarneshr., og k.h. **Halla Alexíusdóttir**, húsfreyja á Melum og Kiðafelli, f. 1782 á Fremra-Hálsi, Kjósarhr., d. 28. mars 1851 í Skrauthólum.

„Var talin mikil dugnaðar- og skapfestukona. Bjarni mun hafa verið vel efnum búinn, er hann kvæntist Þorbjörgu (hún var bústýra hans áður), og varla hafa efnin gengið saman við tilkomu hennar, og Bjarni talinn harðduglegur bæði til sjós og lands.“ (Jóhann Eiríksson: Fremra-Hálssett, 421-422).

-M. 7. nóv. 1863, **Bjarni Kristjánsson**, f. 1828 í Þerney í Kollafirði, Kjalarneshr., d. 16. júní 1876 í Hlíðarhúsum, útgerðarmaður í Hlíðarhúsum.

For.: **Kristján Sörensen**, bóndi og vefari í Þerney, síðar á Lágafelli og á Austurvelli, Kjalarneshr., f. 23.



Þorbjörg Sighvatsdóttir

sept. 1787 í Hafnarfirði, d. 28. okt. 1842, og k.h. **Ingibjörg Jónsdóttir**, húsfreyja á Austurvelli, f. um 1796 á Esjubergi, d. 23. mars 1865 í Austurbæ.


Börn þeirra: a) Sighvatur Kristján, f. 25. jan. 1859, b) Halla, f. 25. júní 1860, c) Símon, f. 3. okt. 1865, d) Þorbjörn, f. 31. ágúst 1868, e) Halla, f. 2. nóv. 1870.



Sighvatur Kristján



Símon



Þorbjörn



Halla

A **Sighvatur Kristján Bjarnason**, f. 25. jan. 1859 í Reykjavík, d. 30. ágúst 1929 í Reykjavík, bankastjóri í Reykjavík. - K. 29. okt. 1886, Ástgerður **Ágústa Sigfúsdóttir**, f. 9. jan. 1864 á Tjörn á Vatnsnesi, Þverárhr., V.-Hún., d. 30. maí 1932 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Emilía**, f. 12. okt. 1887 í Reykjavík, d. 18. nóv. 1967 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. b) **Þorbjörg**, f. 14. nóv. 1888 í Reykjavík, d. 30. apríl 1914 á Vífilstaðahæli, húsfreyja í Reykjavík. c) **Ásta Sigríður**, f. 16. apríl 1890 í Reykjavík, d. 24. apríl 1890. d) **Bjarni**, f. 22. júlí 1891 í Reykjavík, d. 20. ágúst 1953 í Vestmannaeyjum, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, síðar bankastjóri í Vestmannaeyjum. e) **Sigríður**, f. 16. sept. 1894 í Reykjavík, d. 1. jan. 1944 í Stokkhólmi í Svíþjóð, húsfreyja í Kaupmannahöfn. f) **Ásta**, f. 1. maí 1897 í Reykjavík, d. 25. maí 1998 í Reykjavík, kennari, síðar húsfreyja á Akranesi, síðar í Reykjavík. g) **Jakóbína Þuríður**, f. 16. júlí 1899 í Reykjavík, d. 6. jan. 1924 í Reykjavík, húsfreyja í Vestmannaeyjum. h) **Sigfús**, f. 6. sept. 1900 í Reykjavík, d. 4. apríl 1901. i) **Sigfús Pétur**, f. 10. okt. 1903 í Reykjavík, d. 3. júlí 1958 í Reykjavík, forstjóri í Reykjavík. >Amtmannsstígur 2.

B **Halla Bjarnadóttir**, f. 25. júní 1860 í Reykjavík, d. 19. okt. 1861.

C **Símon Bjarnason**, f. 3. okt. 1865 í Reykjavík, d. 17. okt. 1916 í Reykjavík, verslunarmaður í Reykjavík. - Barnsmóðir: **Þorbjörg Tómasdóttir**, f. 29. sept. 1871 á Hvanneyri, d. 1. mars 1957 á Siglufirði, húsfreyja á Siglufirði, síðar í Ameríku. Barn þeirra: a) **Bjarni**, f. 6. maí 1893 í Reykjavík, verkamaður í Reykjavík.

D **Þorbjörn Bjarnason**, f. 31. ágúst 1868 í Reykjavík, d. 9. júlí 1901, féll fyrir borð af gufuskippinu Botnia og druknaði, daglaunamaður í Reykjavík.

E **Halla Bjarnadóttir**,

f. 2. nóv. 1870 í Hlíðarhúsum í Reykjavík, d. 18. júlí 1952 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. - M. 4. okt. 1905, **Þóður Guðmundsson**, f. 13. maí 1876 í Tungutúni, Andakílshr., Borg, d. 4. jan. 1948 í Reykjavík, sjómaður í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Þorbjörn**, f. 14. maí 1907 í Reykjavík, d. 5. okt. 1976 í Reykjavík, málarameistari í Reykjavík. b) **Guðjón**, f. 6. nóv. 1908 í Reykjavík, d. 9. mars 1939, verslunarmaður í Reykjavík. >Lindargata 8B.

Aðrir íbúar á Amtmannsstíg 2:

Ragnhildur Sveinsdóttir, f. 19. apríl 1879 á Egilsstöðum, Þverárhr., V.-Hún., d. 30. júní 1958, vinnukona hjá Sighvati Kristjáni Bjarnasyni, kom frá Beinakeldu, Torfalækjarhr., A.-Hún. 1910.

Guðríður Emilía Helgadóttir, f. 31. ágúst 1888 í Gröf á Vatnsnesi, Kirkjubammshr., V.-Hún., d. 26. febr. 1954, vinnukona hjá Sighvati Kristjáni Bjarnasyni, kom frá Litla-Ösi, Kirkjubammshr. 1910, síðar hjúkrunarkona á Litlu-Borg, Þverárhr., V.-Hún, síðar á Kúludalsá, Innri-Akraneshr., Borg, giftist Kristófer Péturssyni, bónda og silfursmíði.

Valtýr Stefánsson, f. 26. jan. 1893 á Möðruvöllum í Hörgárdal, Eyjaf., d. 16. mars 1963, lærisveinn í Menntaskólanum, kom frá Akureyri 1908, síðar ritstjóri Morgunblaðsins í Reykjavík, kvæntist Kristínu Jónsdóttur listmálara.

Jósefina Erlendsdóttir, f. 2. nóv. 1894 á Beinakeldu, Torfulækjarhr., A.-Hún., d. 19. nóv. 1937, leigjandi, kom frá Beinakeldu 1910, húsfreyja á Stóru-Giljá, Torfalækjarhr., síðar á Sauðárkróki, giftist fyrst Guðmundi Frimannssyni, bónda og kennara á Stóru-Giljá (þau skildu), síðar Jóhannesi Friðriki Hansen, kennara og skáldi.



Fjórar kynslóðir. F.v.: Þorbjörg **Kristjánadóttir**, Pétur Magnússon, Sighvatur Kristján Bjarnason og Þorbjörg Sighvatsdóttir.

Sighvatsdóttir



Séð frá Skólastræti 5 að Amtmannsstíg 2, Menntaskólanum í Reykjavík og húsum við Lækjargötu.